

11. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 13. janúar 2011 kl: 20:00

Mættir eru: Kristín, Þorgerður, Óskar Þór, Þorsteinn, Kristlaug, Anna Kristín, Jóhanna

Óskar setti fundinn.

1. Styrkumsóknir
  - a. Engar styrkumsóknir bárust
2. Innsend bréf
  - a. 70. Íþróttaping ÍSÍ verður haldið 8-9 apríl n.k. (Óskar og Þorsteinn sýna áhuga á að fara.)
  - b. Fundarboð á knattspyrnuþing laugardaginn 12. febrúar nk.  
Fundarboðið verður lagt í hendur umf. Reynis.
  - c. KSÍ auglýsir eftir framboði til stjórnar.

- Birkir mætti til fundar.

  - d. UMFÍ sendi fundargerð ásamt tillögum síðan að Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Hótel Héraði í október s.l.
3. Formannafundur UMSE
  - a. Verður haldinn fimmtudaginn 3. febrúar 2011 klukkan 20:00 á Búgarði. Kristín ætlar að koma með tertu.  
Getur verið spennandi að skjóta fram umræðu um aldursflokkamótið, fyrirkomum lag mótsins og fleira.  
Að fá Starra til að kynna heimasíðuna sem hann er að koma á fót.
4. Ársþing UMSE
  - a. Ekki hefur náðst á Guðmundi um húsnæði fyrir ársþingið.
  - b. Ræða þarf við sveitarfélagið um hvort þeir vilji sjá um mat á þinginu eða hvort að UMSE ætli að bjóða þingfulltrúum í hádegisverð.
  - c. Þorsteinn er búinn að fá tilboð frá Stell í tímaritsformi. Sem hljóðar svo: 4 bls. í sv/hvítu á 90 gr. pappír. Kápa í 4+4 lit á 190 gr. pappír. Brotið og heft. 80 eintök. – Verð kr. 74.320 með vsk. – 59.218 +vsk. Ákveðið er að taka tilboðinu.
  - d. Athuga þarf hvað eigi að gefa í viðurkenningu.
  - e. Finna þarf þingforseta.
5. Skipting á lottótekjum UMSE - Endurskoðun á reglugerð
  - a. Leggja á reglugerðina fram á formannafundinum til umræðu.
6. Fjármál
  - a. Síðasta ár lítur vel út. Erum að skila tapi á rekstri, erum búin að vera að styrkja meira en verið hefur. Ef að ekki hefði komið til Norðurlandamótsins hefði félagið þurft að afla tekna fyrir frjálsarnar með öðrum hætti. Lottótekjur hækka um 300.000 milli ára, styrkir og framlög frá ÍSÍ hækka líka. Tekjur á mótum eru lægri í ár en í fyrra, minni æfingargjöld, meira til baka frá keppendum vegna móta.  
Erum að borga meira í launtengd gjöld. Keyptum íþróttáhöld á seinasta ári, ferðakostnaður innanlands var lægri seinasta ári en ferðakostnaður erlendis var hærri. Kostnaður vegna mótahalds er meiri milli ára.

7. Önnur mál

- a. Bústólpasamningur – boða þarf fund með stjórnendum Bústólpa til að endurnýja styrktarsamninginn.
- b. Þorsteinn ætlar að biðja um endurskoðun á samningi sínum.
- c. Fréttabréfið – það komst ekki frá fyrir áramót.
- d. Verið er að hvetja Steinunni til að læra þjálfarann og er hún byrjuð að læra það. Hún er mjög dugleg að sinna krökkunum, Kristínu langar til að geta styrkt hana til að fara á Gautaborgarleikana og þá spurning hvort hún gæti farið sem þjálfari samhliða Ara. Við erum til í skoða þetta, boltinn er hjá henni.

Verkefni fyrir næsta fund:

Allir að velta því fyrir sér hvað eigi að gefa í viðurkenningu á Ársþinginu.

Jóhanna ætlar að athuga með kostnað á handklæðum og blómum.

Næsti fundur er ákveðinn fimmtudaginn 3. febrúar nk. klukkan 18:30

Fundi slitið klukkan 21:45

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður